

Föstudagur, 11. mars 2005

237. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 11/2005

Ósk olúfélaganna um undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga til að skipta upp á milli félaganna bensínstöðvum í sameiginlegum rekstri þeirra

I

Erindið og aðdragandi þess

1.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 *Ólögmeitt samráð Kers hf. (áður Olúfélagið hf.), Olúuverzlunar Íslands hf., Skeljungu hf. og Bensínorkunnar ehf.*, sbr. úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004, var þeim fyrirmælum beint til þriggja fyrstnefndu félaganna (hér eftir nefnd olúfélögin) að hætta samrekstri á bensínstöðvum og samvinnu tengdri þeim samrekstri. Þessi fyrirmæli skyldu koma til framkvæmda eigi síðar en sex mánuðum eftir að fyrirnefnd ákvörðun var tekin.

2.

Með bréfi, dags. 30. nóvember 2004, tilkynntu olúfélögin Samkeppnisstofnun að þau hefðu náð samkomulagi um að skipta á milli félaganna öllum þeim bensínstöðvum sem væru í sameiginlegri eigu tveggja eða þriggja olúfélaga. Samkvæmt því skal Skeljungur kaupa eignarhlut hinna félaganna í samreknnum bensínstöðvum í Ólafsvík, á Fáskrúðsfirði, Hvammstanga og í Þorlákshöfn. Samkomulagið gerir ráð fyrir að Olúfélagið kaupi eignarhlut hinna félaganna í bensínstöðvum á Ísafirði, Kirkjubæjarklaustri og Dalvík. Þá er gert ráð fyrir að Olúverzlun Íslands (Olís) kaupi hluti hinna olúfélaganna í samreknnum bensínstöðvum á Ólafsfirði, í Stykkishólmi og á Siglufirði.

Í bréfi olúfélaganna kemur fram að ákveðið hafi verið að leita álits Samkeppnisstofnunar á skiptingu bensínstöðvanna á milli félaganna áður en hún kæmi til framkvæmda. Þá er þess farið á leit við samkeppnisráð að veitt verði undanþága á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga frá bannákvæði 10. gr. laganna verði talið að samkomulag olúfélaganna við að skipta upp stöðvunum á milli félaganna fari gegn ákvæði umræddrar lagagreinar.

Í bréfi frá 9. desember sl. til olúfélaganna kemur fram það viðhorf Samkeppnisstofnunar að uppskipti félaganna eins og þau voru kynnt í áðurnefndu bréfi þeirra kunni að fara gegn c.-lið 10. gr. samkeppnislaga. Í því skyni að meta hvort

ósk olíufélaganna um undanþágu á grundvelli 16. gr. uppfylli skilyrði ákvæðisins fór stofnunin fram á nánari rökstuðning fyrir undanþágubeiðninni og lýsingu á þeirri aðferð sem félögin hafi beitt við mótun uppskiptanna. Á fundum Samkeppnisstofnunar með félögunum, hverju fyrir sig, 27. janúar sl. með Olíufélaginu, 30. janúar sl. með Skeljungu og 11. febrúar sl. með Olís voru veittar upplýsingar um forsendur tillagna félaganna að uppskiptum.

II Niðurstaða

1.

Á fundi samkeppnisráðs 11. mars 2005 var tekin ákvörðun í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ragnheiður Bragadóttir og Sigurbjörn Þorbergsson.

2.

Mál þetta snýst um það að olíufélögin hætti rekstri tíu bensínstöðva sem þau reka eftir atvikum þrjú eða tvö saman. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 var komist að þeirri niðurstöðu að hinn sameiginlegi rekstur fari gegn 10. gr. samkeppnislaga. Olíufélögin hafa gert með sér samkomulag þar sem þau skipta með sér bensínstöðvum sem þau hafa rekið saman. Ef samkeppnisyfirvöld telji að þetta samkomulag fari gegn 10. gr. samkeppnislaga óska olíufélögin eftir undanþágu frá bannreglu 10. gr. laganna, sbr. 16. gr. laganna.

Í umræddu samkomulagi olíufélaganna felst að félögin hafa skipt upp á milli sín þeim samreknu bensínstöðvum sem samkomulagið tekur til. Í þessu felst óhjákvæmilega markaðsskipting í skilningi c.-liðar 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga. Til athugunar kemur því í málinu hvort skilyrði 16. gr. samkeppnislaga séu uppfyllt.

3.

Um áratugaskeið hafa olíufélögin, tvö eða fleiri, rekið saman bensínstöðvar, einkum á smærri stöðum á landsbyggðinni. Samreknum stöðvum eins og þær eru gjarna kallaðar hefur fækkað nokkuð frá því er mest var. Þegar ákvörðun nr. 21/2004 um ólögmett samráð olíufélaganna var tekin í lok október voru samreknar stöðvar samtals þrettán. Samrekstri olíufélaganna á bensínstöðvum hefur um langt árabil verið þannig háttað að eitt þeirra féлага sem átt hafa í samrekinni bensínstöð á hverjum stað (annað féлага þegar um samrekstur tveggja olíuféлага hefur verið að ræða) hefur annast og borið ábyrgð á rekstrinum. Sölu, öðrum rekstrarliðum og afkomu hefur verið skipt upp á milli eigenda. Vísast hér til nánari umfjöllunar í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004.

Samkomulag olúfélaganna um uppskiptingu samrekinna stöðva felst m.a. í meginatriðum í því að það félag sem ábyrgð ber á rekstri hvernar stöðvar tekur yfir eignarhald og rekstur viðkomandi bensínstöðvar. Undantekningar frá þessari reglu eru uppskipti á rekstri samrekinna bensínstöðva í Ólafsvík og á Ólafsfirði. Samrekin bensínstöð allra félaganna í Ólafsvík sem rekin hefur verið á ábyrgð Olúfélagsins rennur samkvæmt samkomulagi olúfélaganna til Skeljungu sem kaupir hluti hinna félaganna í stöðinni. Rökin fyrir þeirri ráðstöfun eru þau helst að hin félögin, þ.e. Olúfélagið og Olís reka nú þegar bensínstöðvar á norðanverðu Snæfellsnesi en Skeljungur enga. Á Ólafsfirði reka Olís og Skeljungur sameiginlega bensínstöð á ábyrgð síðarnefnda félagsins en ráð er fyrir því gert að Olís kaupi þessa stöð og reki.

Olúfélögin færa fyrir því rök að einfaldasta og fljótvirkasta leiðin til uppskipta á samreknnum bensínstöðvum á milli félaganna þannig að farið verði að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2994 sé að skipta þeim upp þannig að hvert félag taki yfir rekstur þeirra stöðva sem það hefur borið ábyrgð á. Undantekningarnar frá þessari reglu, þ.e. uppskiptin í Ólafsvík og á Ólafsfirði, muni stuðla að meiri svæðisbundinni samkeppni en ella á þeim svæðum sem þar um ræðir þar sem með því verði öll félögin með rekstur á umræddum svæðum.

4.

Skilyrði fyrir því að samkeppnisráð geti veitt undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. eru þau „...að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

- a. *stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflri tæknilegar og efnahagslegar framfarir,*
- b. *veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*
- c. *leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*
- d. *veiti fyrirtækjum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.“*

Til þess að samningi, samþykkt o.s.frv. verði veitt undanþága á grundvelli 16. gr. þarf að uppfylla öll skilyrði ákvæðisins.

Það samkomulag olúfélaganna sem hér er sótt um undanþágu fyrir hefur nokkra sérstöðu miðað við þær tegundir samninga, samþykkt o.s.frv. sem undanþáguákvæðið vísar almennt til. Um er að ræða samkomulag keppinauta sem samanlagt hafa til skamms tíma verið með nær alla smásölu á olúvörum hér á landi á sínum höndum. Smásalan hefur m.a. farið fram í samkeppnishamlandi sameiginlegum rekstri olúfélaganna á áður nefndum 10 stöðum úti á landi. Samkomulaginu um uppskipti samrekinna stöðva er ætlað að aflétta þeim samkeppnishömlum sem samreksturinn hefur í för með sér og samkomulaginu sem undanþágubeiðnin lýtur að

einungis ætlað að gilda á því tímabili sem uppskiptin taka. Að mati samkeppnisráðs eiga uppskiptin sem samkomulag olúfélaganna tekur til að leiða til aukinnar samkeppni á þeim svæðum sem hinar samreкну bensínstöðvar starfa og aukinnar samkeppni almennt í smásölu með olúvörur þar sem samskiptaflötum olúfélaganna fækkar. Með því ættu uppskiptin að leiða til efnahagslegra framfara í skilningi a.-liðs 16. gr. samkeppnislaga. Samkeppni verður við það virkari til heilla fyrir neytendur, sbr. b.-lið 16. gr. Það er einnig mat samkeppnisráðs að samkomulag olúfélaganna uppfylli skilyrði c. og d.-liða 16. gr. Samkeppnisráð horfir hér einnig til þess að olúfélögin hafa lýst yfir að engar ráðstafanir hafi verið gerðar sem ætlað sé að hindra eða koma í veg fyrir að olúfélögin eða aðrir keppinautar hefji samkeppni á þeim landsvæðum sem umrætt samkomulag tekur til.

5.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er það mat samkeppnisráðs að beiðni olúfélaganna um undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga til að skipta upp rekstri 10 samrekinna bensínstöðva á landsbyggðinni, þannig að tiltekin olúfélög kaupi hluti hinna, uppfylli kröfur umræddrar lagagreinar. Það er og mat ráðsins að uppskiptin gangi með því greiðlega fyrir sig þannig að samkeppni geti eflst í smásölu fljótandi eldsneytis og annarra olúvara á markaðssvæðum bensínstöðvanna sem nú eru samreknar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkomulag Olúfélagsins ehf., Olúverzlunar Íslands hf. og Skeljungs hf. um uppskiptingu á samreknnum bensínstöðum í Ólafsvík, Stykkishólmi, Þorlákshöfn, á Fáskrúðsfirði, Hvammstanga, Ísafirði, Kirkjubæjarklaustri, Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði fer gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 16. gr. samkeppnislaga veitir samkeppnisráð framangreindum olúfélögum undanþágu frá ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga til að skipta upp bensínstöðvum á áðurnefndum stöðum á grundvelli umrædds samkomulags. Undanþága þessi gildir til 1. maí 2005.“